


## Hleðslutæki fyrir Centra Active, Cielo Active og Pure



1. Hleðsluhólf með nemum til hleðslu.
2. Hólf fyrir hljóðnemaslöngur og kúpla.
3. Ljós sem gefur til kynna virkni hleðslutækisins.

### Hleðsla:

Setjið hleðslutækið í samband við rafmagn. Ljósið í miðjunni gefur til kynna að hleðslutækið sé í sambandi. Tækið er opnað með því að þrýsta á takkann.

Í hleðslutækinu eru tvö hleðsluhólf sem hvort um sig tekur eitt heyrnartæki og eitt stærra sem er fyrir hljóðnemaslöngurnar.

Þegar þú setur heyrnartækin í hleðsluhólfið og lokar því, slekkur heyrnartækið á sér og hleðslan byrjar. Hleðslu er lokið þegar grænu ljósin loga stöðugt.

### Ljósin gefa eftirfarandi til kynna:

Ljós	Staða	Aðgerð	Afleiðing
Ljós í miðju	Appelsínugult	Samband við straum	Hleðslutækið tilbúið til notkunar
Hægra eða vinstra ljós	Grænt blikkandi	Hleðsla í gangi	Hafið heyrnartækin í hleðslutækinu
Hægra eða vinstra ljós	Grænt stöðugt	Hleðslu lokið	Takið heyrnartækið úr hleðslutækinu
Hægra eða vinstra ljós	Rautt stöðugt	Ef hleðsla getur ekki farið af stað vegna Zinc Air rafhlöðu (venjuleg rafhlaða), ónýtrar hleðslurafhlöðu, eða rafhlöður snúa öfugt í tækinu, slekkur hleðslutækið sjálfvirkt á sér.	Takið hleðslutækið úr sambandi og setjið aftur í samband. Skiptið um rafhlöðu eða snúið henni við.

**Athugið:** Þegar heyrnartækið er sett í hleðslu á að vera kveikt á því. Þegar hleðslu er lokið þarf að slökkva á tækinu og kveikja á því aftur.